

Erindi til bæjarráðs Fjarðabyggðar

Bæjarráð Fjarðabyggðar, b.t. ráðsmanna

Undirrituð hafa unnið að endurgerð gamla barnaskólans á Eskifirði frá árinu 2015, þegar frumkostnaðaráætlun fyrir endurgerðina var unnin. Hollvinasamtök um verkefnið voru stofnuð sumarið 2018 og þeim kosin stjórn og skipuð bygginganefnd.

Samkomulag um samstarf að verkefninu var undirritað við sveitarfélagið Fjarðabyggð þann 18. ágúst 2018 og þar segir m.a. í 4. tölul.: *Sveitarfélagið mun annast lagfæringar á lóð og umhverfi byggingarinnar.* Hefur verkefninu miðað vel og skv. ársreikningi gafði verið varið samtals um 95 m.kr. til verkefnisins um sl. áramót, en kostnaður er nú kominn vel yfir 100 m.kr. Standa vonir til þess að verkefninu verði að mestu lokið á næstu 12-18 mánuðum. Húsið er þinglýst eign sveitarfélagsins.

Með bréfi þessu er óskað eftir viðræðum og upplýsingum frá sveitarfélaginu Fjarðabyggð um hvernig og hvenær mögulegt sé að efna hlut þess skv. samkomulagi því sem vitnað er til að framan og lýtur að frágangi lóðar og umhverfis. Stoðveggur hefur verið byggður ofan við húsið, og fyrir liggja teikningar af hönnun og frágangi lóðar sem gerðar voru að undirlagi Hollvinasamtakanna og unnar í samvinnu við sveitarfélagið. Umtalsvert verk er hins vegar óunnið, svo sem endurgerð á hleðslum við Klifið, stéttar og allur yfirborðsfrágangur. Mikilvægt er að svör liggi fyrir sem fyrst um tímasetningar og áætlanagerð sem snýr að þessum þætti verkefnisins.

Með vinsemd og virðingu

Guðmundur Árnason, formaður stjórnar h Hollvinasamtakanna,
formaður byggingarnefndar

Helga Steinunn Guðmundsdóttir,